



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um að börn sem stunda nám í stoðdeildinni Birtu í Álftamýrarskóla flytjist í almennan bekk þegar þau eru tilbúin

Tillaga um að börn innflytjenda sem stunda nám í stoðdeild Álftamýrarskóla flytjist ekki út í almennan bekk fyrr en þau eru tilbúin til þess að mati skóla og foreldra. Upp á síðkastið hefur afgreiðsla mála þeirra sem sækja um hæli orðið hraðari sem er af hinu góða. Dvöl barns í stoðdeildinni hefur samhliða stýst því þegar foreldrar þeirra fá hæli þá flytjast þau út í almennan hverfissskóla án tillits til hvort þau eru tilbúin til þess eða ekki. Dæmi eru um að barn sem er ekki tilbúið er flutt út í almennan bekk þar sem einstaklingsþjónusta er minni en veitt er í stoðdeildinni. Barnið er jafnvel ekki farið að tala mikla íslensku. Fulltrúi Flokks fólksins studdi tilkomu stoðdeildarinnar og hefur reynt að fylgjast með hvernig gengur s.s. í samskiptum barnanna sem eru af ólíkum menningarheimum. Stoðdeildin er skammtímaúrræði og eiga börnin að fara út í almennan bekk þegar þau er tilbúin að mati fulltrúa Flokks fólksins, hvorki fyrr né seinna. Flutningur út í hverfissskólann á að vera á þeirra forsendum en ekki kerfisins. Ef aðkoma ráðuneytis getur liðkað til í þessum málum s.s. með aðstoð frá íslenskuverum þarf það að ræðast strax svo hægt sé að koma á móts við þarfir allra barna með fullnægjandi hætti.